

Verklag Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna frumkvæðisskyldu skv. 32. gr. laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Maí 2021

„32. gr.

Frumkvæðisskylda.

„Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að því að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera því grein fyrir rétti sínum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Sveitarfélag skal kynna umsækjanda þá þjónustu sem hann á rétt á og leiðbeina um réttarstöðu hans, m.a. ef hann á rétt á annarri þjónustu í stað þeirrar sem sótt er um eða til viðbótar henni.“

1. Ráðgjafi velferðarþjónustu hefur samband við foreldra/forráðamenn þegar:

- staðfesting á greiningu um fötlun frá viðurkenndum greiningaraðila liggur fyrir
- foreldrar óska eftir

2. Í fyrsta viðtali fer fram kortlagning á stöðu barns og fjölskyldu:

1. Færni/geta og styrkleikar

- Færni og styrkleikar – sjálfshjálp, sjálfstæði, þörf fyrir hjálpartæki, aðlögun umhverfis o.sv.frv.*
- Samskipti og félagsleg virkni – tjáskipti/boðskiptaleiðir barns*
- Áhugamál*
- Umönnunar – og stuðningsþörf (mat foreldra)*

2. Félagslegar aðstæður og tengslanet

- Fjölskylduaðstæður – býr barn hjá báðum foreldrum, atvinnustaða, systkini, álag vegna annarra fjölskyldumeðlima, fjarlægð frá miðlægri þjónustu o.sv.frv.*
- Nánasta tengslanet – stuðningur frá stórfjölskyldu, nærsamfélagi o.sv.frv.*
- Ráðgjöf og stuðningur utan starfssvæðis skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings*
- Líðan barns/barna*

3. Samfélagsleg þátttaka, valdefling og virkni

- Samskipti og félagsleg virkni – aðlögunarfærni, sjálfsstjórn, þátttaka í nærsamfélagi, vinir o.s.frv.*
- Virkni í skóla, frístund, frítíma og/eða vinnu*



4. Önnur atriði (ef við á)
- SIS- mat
 - Umönnunarmat (TR flokkur)
 - Umönnunarmat (TR prósentu)
 - Fötlunargreining og/eða aðrar greiningar sem taldar eru skipta máli við mat á stuðningsþörf
 - Upplýsingar um fötlun/líkamlegt heilsufar – lyf, heilbrigðisþjónusta
 - Stuðningsþarfir
 - Annað sem umsækjandi vill taka fram varðandi fötlun eða andlega og líkamlega heilsu
 - Virk einstaklingsbundin þjónustuáætlun eða einstaklingsáætlun
 - Aðrar mikilvægar upplýsingar

3. Upplýsingagjöf um þjónustu og hlutverk velferðarþjónustu:

(hakið við þær upplýsingar sem gefnar eru í viðtali)

- Almenn velferðarþjónusta
- Ráðgjöf – uppeldisráðgjöf – einhverfuráðgjöf
- Þátttöka ráðgjafa velferðarþjónustu í þjónustuteymi
- Stuðningsþjónusta (liðveisla, heimþjónusta)
- Stuðningsfjölskyldur
- Skammtí mavistun
- Sumarþjónusta/sumarvinna
- Frístundaþjónusta (lengd viðvera fyrir fötluð börn í 5.-10.bekk og framhaldsskóla, íþróttafél. Fatlaðra, tómstundaklúbbur fatlaðra)
- Ferðaþjónusta
- Hæfing/virkni/vernduð vinna/atvinna með stuðningi
- Búsetuþjónusta
- NPA
- Heimili fyrir börn

Upplýsingar veittar dags. _____ 2021

Nafn/nöfn: _____

Vegna: _____

1. mgr. 33. gr.: Það stjórnvald sem tekur ákvörðun um þjónustu við fatlaðan einstakling skal tryggja að hún sé studd nægjanlegum gögnum áður en ákvörðunin er tekin. Í því skyni skal sveitarfélag leiðbeina umsækjendum um hvaða gögn skuli leggja fram eða, eftir atvikum, afla sjálfst gagna hjá öðrum opinberum aðilum að fenginni heimild umsækjanda.

1. mgr. 14. gr.: Verði starfsmenn félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða skóla þess áskynja að barn hafi einkenni sem geti bent til skerðingar skal upplýsa forráðamenn um þann grun og samhliða grípa til aðgerða í samráði við þá, þrátt fyrir að greining sérfræðinga liggi ekki fyrir. Skal frumgreining fara fram svo fljótt sem auðið er.

3. mgr. 34. gr.: Ef umsókn um þjónustu er hafnað eða hún aðeins samþykkt að hluta skal ákvörðun rökstudd skriflega. Skal þá gerð grein fyrir á hvaða gögnum, sjónarmiðum, lagarökum og reglum ákvörðun byggist. Einnig skal leiðbeint um leiðir til þess að fá ákvörðun endurskoðaða.